

hinn kærði hafi brotið móti opt nefndri fiskiveiða-samþykkt með því að sleppa mörgum hákörllum við áður umgetið tækifæri í sjóinn, og ber því samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar að dæma hann í sekt, sem virðist hæfilega metin 40 kr., og rennur helmingur sektarinnar til hlutaðeigandi gæzlunefndar, en helmingurinn í hlutaðeigandi sveitar-sjóð; svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal laun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmeitt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jóhannes Guðmundsson, á að greiða í sekt 40 krónur, er renni að helmingi til hlutaðeigandi gæzlunefndar og að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð; svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, máláflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 17/1883.

Rjettvisin  
gegn  
Benedikt Jóhannssyni.

## Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða, Benedikts Jóhannssonar, og öðrum skýrslum, sem útvegaðar hafa verið undir rekstri máls þessa, er það löglega sannað, að hinn ákærði í janúarmánuði 1878 hafi á leið milli Víðidals og Miðfjarðar tekið við brjefi frá Páli alþingismanni Pálssyni á Dæli til Guðmundar málaflutningsmanns Pálssonar í Reykjavík með 3 kr. 51 eyri í ásamt 35 aurum í peningum; var hinn ákærði þá með lest norðanpóstisins, sem var á suðurleið til Reykjavíkur, en hafði sjálfur brugðið sjer frá lestinni, og var hinum ákærða afhent tjeð peningabrjef til þess að koma því á póstinn, og áttu þeir 35 aurar, sem fylgdu brjefinu, að greiðast í burðargjald undir það. Hinn ákærði, sem var ráðinn til sjóróðra á Álptanesi, og var á leiðinni í verið, hafði farið slippur að heiman, nestislaus og peningalaus; varð honum þá á að brjóta upp peningabrjef það, er hann hafði lofað að koma á póstinn, og eyða peningunum úr því ásamt burðargjaldinu fyrir mat og annan greiða á suðurleiðinni.

Þetta brot hins ákærða, sem er fæddur 1846, og aldrei fyrr hefur sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 255. sbr 253. grein hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hinn ákærði hefur til unnið, eptir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin  $3 \times 5$  daga fangelsi við vatn og brauð; svo ber honum og að endurgjalda Páli bónda Pálssyni á Dæli peninga þá, 3 kr. 86 aura, er hann tók undir sig og eyddi, sem og borga allan löglegan kostnað af máli þessu, þar á meðal



málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra.

Þar sem undirdómarinn í máli þessu, Stefán sýslumaður Bjarnarson, í dómi sínum, kveðnum upp fyrir aukarjetti Árnassýslu 10. ágúst f. á., fyrst hefur heimfært brot hins ákærða undir 230. grein hegningarlaga, og síðan hefur látið þessa hegningu falla niður samkvæmt 67. grein hegningarlaga, samanborinni við bráðabyrgðaákvarðanir 307. greinar, sem fyrir löngu eru úr gildi numdar, þá ber þetta vott um svo staka fávizku hjá undirdómaranum, að yfirdómurinn álitur sjer skylt að geyma hinu opinbera rjett til að koma fram ábyrgð á hendur honum út af þessu.

Á rannsókn þessa máls hefur staðið ótilhlýðilega lengi; fyrsta próf í því er tekið á manntalsþingi Húnavatnssýslu 6. júní 1878, hið annað fyrir aukaþingi Árnassýslu 21. apríl 1879, hið þriðja á manntalsþingi Húnavatnssýslu 3. júní 1880, hið fjórða á manntalsþingi sömu sýslu 30. maí 1881, og hið fimmta fyrir lögreglurjetti sömu sýslu 10. nóvember s. á.; en síðan hefur málið verið rekið með tilhlýðilegum hraða af undirdómaranum. Hinn mikli dráttur á málinu hefur þannig orsakast áður en undirdómarinn tók við því, og verður honum því ekki gefin sök á þessum drætti, heldur sýslumanninum í Húnavatnssýslu, er því ber að sekta fyrir ótilhlýðilegan drátt á málinu samkvæmt 35. gr. tilskip. 3. júní 1796, og virðist sekt hans hæfilega metin 30 kr., er renni í hlutaðeigandi fátækra sjóð.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Benedikt Jóhannsson, á að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að endurgjalda Páli Pálsyni í Dæli 3 kr. 86 a., sem og að borga allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Sýslumanninum í Húnavatnssýslu, Lárusi Þ. Blöndal, ber að greiða 30 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi fátækra sjóð.

Ídæmd útgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 20/1882

Þorgrímur Ásgrímsson  
og Þórey Þorleifsdóttir  
gegn

Birni og Sigurði Pjeturssonum

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Skaga-fjarðarsýslu 20. dag júlímánaðar 1882, voru áfrýjendur þessa máls, Þorgrímur Ásgrímsson og móðir hans Þórey Þorleifsdóttir, dæmd til að sleppa þeirri hálfendu Hofstaðasels, sem eigi er eign Þorgríms, í fardögum 1883, og til að skila henni þá í gildu standi til hinna stefndu, Björns Pjeturssonar og